

1 Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um fasteignaskatt á Akranesi nr. 85 17.  
2. jan. apríl 1945.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. janúar 1958.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

2

2. jan.

## REGLUGERÐ

um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Akranesi.

### 1. gr.

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins, sem standa við vegi eða opin svæði, þar sem vatnsæðar liggja, skal greiða árlegan vatnsskatt, 0.6% af fasteignamatsverði hússins.

Sama er og um önnur hús, er fá vatn úr vatnsveitu bæjarins.

Nú er hús, er greiða ber af vatnsskatt, ekki virt fasteignamatsvirðingu, og ákveður vatnsveitustjóri þá skattinn.

### 2. gr.

Auk vatnsskatts, samkvæmt 1. gr., skal greiða vatnsskatt fyrir hreyfivélar, gosbrunna, verksmiðjur, frystihús, baðhús, hvers konar þvottastöðvar, efnalaugar, veitingastaði, sláturhús, iðnaðarfyrirtæki og fyrir vatn til hvers konar slíkrar notkunar umfram venjulega heimilisnotkun.

Aukavatnsskattur samkv. 1. mgr. skal vera 50 aurar fyrir hvern teningsmetra. Þar sem svo hagar til, sem í 1. mgr. segir, skal vatnsveitustjóri ákveða aukavatnsskattinn, eftir áætlaðri notkun og samkvæmt verðlagi í 2. mgr.

Nú sættir húseigandi eða vatnsnotandi sig ekki við ákvörðun vatnsveitustjóra, um aukavatnsskatt, og getur hann þá krafizt þess, að vatnsnotkun hans verði mæld um eins mánaðar skeið, eftir vali vatnsveitustjóra, og verður aukavatnsskattur þess árs þá ákvarðaður hlutfallslega við þá mælingu.

### 3. gr.

Verð á vatni, sem selt er til skipa í höfninni, skal vera kr. 10.00 fyrir hverja 1000 lítra.

### 4. gr.

Nú er vatni úr Vatnsveitu Akraness veitt í hús eða til hvers konar starfsemi utan lögsagnarumdæmisins, og skal þá ákveða vatnsskattinn samkv. því, er í reglugerð þessari segir.

### 5. gr.

Engum er heimilt að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar, án leyfis slökkviliðsstjóra. Sérstakt leyfi bæjarráðs þarf til að setja vatnshreyfivélar í samband við vatnsæðarnar.

### 6. gr.

Vatnsskattur samkvæmt reglugerð þessari fellur í gjalddaga 2. janúar ár hvert, og ber að greiða skattinn til bæjargjaldkera. Skatturinn skal reiknaður í heilum krónum.

Vatnsskatt má taka lögtaki, og er hann tryggður með lögveðrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, 2 staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júlí 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli. 2. jan.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um niðurjöfnun og innheimtu vatnsskatts á Akranesi nr. 111 23. ágúst 1954 og breytingu á þeirri reglugerð nr. 164 8. okt. 1957.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. janúar 1958.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Sveinbjarnar Þorbjarnarsonar, bónda og smiðs á Sigmundarstöðum, útgefin á venjulegan hátt ad 13. jan. mandatam af dómsmálaráðherra 13. janúar 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Sveinbjarnar Þorbjarnarsonar.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Sveinbjarnar Þorbjarnarsonar, bónda og smiðs á Sigmundarstöðum.

### 2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 10000 — tíu þúsund — krónur, er Þorbjörn Sveinbjarnarson frá Sigmundarstöðum, nú til heimilis að Ytra-Hólmi, gefur Stóra-Áskirkju til minningar um föður sinn, Sveinbjörn heit. Þorbjarnarson. Gefandi hefur afhent sóknarprestinum féð. Sjóðurinn skal vera í vörzlu sóknarprestsins.

### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að fegra Stóra-Áskirkju, kaupa handa henni gripí eða annað það, er henni má að gagni koma.

### 4. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir og gjafir, er honum kunna að berast. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Einn fjórða hluta ( $\frac{1}{4}$ ) ársvaxta skal og leggja við höfuðstólinn, en  $\frac{3}{4}$  hlutum skal varið samkvæmt tilgangi sjóðsins.

### 5. gr.

Í stjórn sjóðsins skulu sjálfkjörnir sóknarprestur og sóknarnefnd Stóra-Ás-sóknar. Stjórnin skal ávaxta fé sjóðsins á tryggan hátt og sjá um reikningshald hans.

### 6. gr.

Ef kirkja verður lögð niður eða flutt frá Stóra-Ási, skal minningarsjóður þessi hverfa í eign Háskóla Íslands. Skal háskólaráð þá gera honum nýja skipulagsskrá.